

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 157/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/142 frá 29. janúar 2019 um viðurkenningu á „U.S. Soybean Sustainability Assurance Protocol“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6ay (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1984) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6az. **32019 D 0142:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/142 frá 29. janúar 2019 um viðurkenningu á „U.S. Soybean Sustainability Assurance Protocol“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtið. ESB L 26, 30.1.2019, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/142, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

(1) Stjtið. ESB L 26, 30.1.2019, bls. 10.
* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING